

## RISTILSPEGLUN

### Það sem þú þarft að vita um ristilspeglun

Meltingarsetrið, jarðhæð/1. hæð, Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík

#### Almennar upplýsingar

Skoðaður er endaparmur og slímhúðir alls ristilsins jafnvel upp í neðsta hluta smáþarma. Algengar ástæður fyrir rannsókninni eru: Blóðleysi, einkenni frá ristli t.d. verkir, hægðaóregla, hægðabreytingar (niðurgangur eða harðlífi), blóð í hægðum, bólgusjúkdómur í neðri hluta meltingarvegar eða sem skimun fyrir ristilkrabbameini og ristilsepum.

#### Undirbúningurinn:

Allur ristillinn þarf að vera tómur svo auðvelt sé að meta slímhúðina. Úthreinsun er með sérstökum úthreinsandi lyfjum. Leiðbeiningar fylgja á sér eyðublaði.

Mikilvægt er að lækurinn sem framkvæmir rannsóknina fái upplýsingar um almennt heilsufar þitt. Það sem lækurinn þarf að vita:

- Hvort þú ert haldin(n) alvarlegum hjarta og/eða lungnasjúkdómi.
- Hvort þú hafir nýrnakvilla.
- Ofnæmi - hvers konar.
- Þungun.
- Sykursýki - aðlaga þarf lyfja- eða insúlínskammt að úthreinsuninni.
- Hvort þú tekur blóðþynnandi- eða blóðflöguhemjandi lyf eins og Kóvar, Xarelto, Rivaroxaban, Pradaxa, Eliquis, Lixiana, Persantin, Clopidogrel, Grepid, Plavix, Ticlid, Efient eða Brilique. Að jafnaði skal hætta notkun 2-7 dögum fyrir rannsókn vegna blæðingarhættu en tímalengdin fer eftir tegund lyfsins. Nauðsynlegt er að hafa samráð við lækni áður en tekin er ákvörðun um að stöðva tímabundið notkun slíkra lyfja.

Ekki er ástæða til að hætta töku hjartamagnýls (Aspirins) fyrir speglun nema lækurinn gefi sérstök fyrirmæli um það.

Flest önnur lyf er hægt að halda áfram að nota þrátt fyrir þessa rannsókn, jafnvel rannsóknardaginn sjálfan.

#### Rannsóknin sjálf:

- Áður en rannsóknin byrjar gefur hjúkrunarfræðingur eða lækur þér stutta útskýringu á því hvernig rannsóknin fer fram. Hafirðu spurningar, skaltu endilega bera þær fram þá.
- Þú ert beðin(n) um að klæðast sérstökum buxum meðan á rannsókn stendur.
- Rannsóknin tekur um 15-45 mínútur. Fyrir speglunina er settur æðaleggur í handlegginn. Í gegnum hann eru svo oftast gefin róandi lyf og verkjalyf til að draga úr óþægindum.
- Þú liggur á vinstri hlið og kreppt bæði hné og mjaðmir.
- Skoðunin er framkvæmd með langri sveigjanlegri slöngu sem er þrædd frá endaparmi upp allan ristilinn. Litlu magni af lofti er dælt inn í ristilinn til að gefa yfirsýn.
- Vefjasýni eru tekin ef þörf krefur og er það sársaukalaus. Öll sýni eru send til vefjagreiningar á rannsóknarstofu. Ef slímhúðarsepar finnast við speglunina eru þeir gjarnan fjarlægðir um leið.

Sérfræðingar í Meltingarsetrinu:

Hallgrímur Guðjónsson, Jón Örvar Kristinsson, Lóa G. Davíðsdóttir, Óttar M. Bergmann, Sif Ormarsdóttir, Sigurður Einarsson, Sigurður Ólafsson, Steingerður A. Gunnarsdóttir, Sunna Guðlaugsdóttir

Er þetta sárt? Oftast er ristilspeglun óþægindalítil. Stundum veldur rannsóknin vægum kveisukenndum verkjum í kvið vegna lofts sem dælt er inn í ristilinn til að auðvelda yfirsýn. Einnig geta komið sárari verkir þegar spegiltækið er þrætt upp. Reynt er að draga úr slíku með því að nota róandi og verkjastillandi lyf meðan á rannsókn stendur. Einnig getur þú dregið úr verkjum með því að anda djúpt og rólega meðan á rannsókn stendur.

#### Að speglun lokinni:

- Ertu flutt(ur) í hvíldarherbergi á meðan þú vaknar upp og jafnar þig eftir rannsóknina. Þar dvelur þú að meðaltali í 30-90 mín.
- Upplýsingar um niðurstöður færð þú hjá læknum strax að speglun lokinni.
- Hafi vefjasýni verið tekið þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðu úr þeim.
- Þú getur fundið fyrir vægum verkjum í kvið (vindverkjum) sem venjulega líða fljótt hjá.
- Þú mátt borða og drekka að vild.
- Róandi lyf valda því að þú ert ófær um að aka bíl eða stjórna ökutæki þangað til næsta dag. Reiknaðu með að þurfa fylgdarmann heim eftir útskrift.
- Ef sýni hafa verið tekin geturðu orðið vör/var við örlítið blóð frá endaparmi í 1-2 daga sem er eðlilegt.

#### Er hættu á fylgikvillum?

Ristilspeglun er örugg rannsókn. Eins og við öll læknisfræðileg inngrip geta hins vegar komið upp fylgikvillar. Það getur blætt einkum ef teknir eru separ. Slíkar blæðingar stöðvast gjarnan af sjálfu sér en geta í undantekningartilfellum krafist blóðgjafar, nýrrar ristilspeglunar eða skurðaðgerðar. Bólga getur komið eftir sepatöku ef notuð er brennsla við sepatökuna. Götun á ristli er enn sjaldgæfari fylgikvilli en getur einnig krafist skurðaðgerðar. Þá geta róandi lyf valdið aukaverkunum en slíkt er sjaldgæft. Hægt er að missa af meinsemdum í ristlinum við speglunina, þær geta leynst bak við fellingar og beygjur sem eru í ristlinum.

**Eftir rannsókn** - Láttu læknum þinn fljótt vita ef:

1. Þú færð slæma kviðverki
2. Þú færð hroll og hita.
3. Þú færð miklar blæðingar um endaparm (meira en 1 tsk. í hvert skipti)
4. Hægðir verða svartar á næstu 2 vikum eftir rannsóknina.

Ýmsar upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni okkar: [www.meltingarsetrid.is](http://www.meltingarsetrid.is).

Gangi þér vel.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk Meltingarsetursins

*Sérfræðingar í Meltingarsetrinu:*

*Hallgrímur Guðjónsson, Jón Örvar Kristinsson, Lóa G. Davíðsdóttir, Óttar M. Bergmann, Sif Ormarsdóttir, Sigurður Einarsson, Sigurður Ólafsson, Steingerður A. Gunnarsdóttir, Sunna Guðlaugsdóttir*